



Fundargerð

75. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 7. apríl 2017 kl. 11:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9.

Mæting:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddsson

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Eva Lín Vilhjálmsdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Ása Richardsdóttir boðaði forföll. Borghildur Sturludóttir boðaði seinkun, kom undir 4. lið.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Breyting á svæðisskipulagi, Borgarlína / málsnr. 1702003

Svæðisskipulagsstjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

Verkefnislýsing fyrir breytingu á svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaga hefur verið samþykkt í hlutaðeigandi sveitarstjórnnum. Kynning hófst föstudaginn 10. mars eins og að var stefnt en þá voru verkefnislýsingar sendar umsagnaraðilum. Sameiginleg auglýsing var birt í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu þann 11. mars. Athugasemdafrestur er í 4 vikur eða til og með 25. apríl.

Valkostamat leiða gengur eftir áætlun. COWI kynnti þær leiðir sem lagðar verða til grundvallar fyrir vinnuhópum. Í kjölfarið hafa EÁR og HÁP fundað með flestum sveitarfélögum, skipulagsnefndum og í sumum tilfellum einnig samgöngunefndum og kynnt stöðu vinnunar og rætt ýmiss sérsmål sem varða hvert sveitarfélag.

COWI skilar frumniðurstöðum í lok apríl. Fulltrúar þeirra munu vera hér 24. – 26. apríl og kynna þær niðurstöður m.a. fyrir fulltrúaráði SSH og fulltrúum í öllum skipulagsnefndum sveitarfélaga. Í framhaldi er gengið út frá því að sveitarfélögin setji frumniðurstöður valkostagreiningar fram sem drög að svæðis- og aðalskipulagsbreytingum. Fagrað svæðisskipulagsnefndar vinnur að tillögum um framsetningu skipulagstillagna jafnt á uppdrætti og í greinargerð.

2. Brú yfir Fossvog, sameiginlegt deiliskipulag Reykjavíkur og Kópavogs / málsnr. 1611005

Lýsing deiliskipulagsverkefnis skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga lögð fram til umsagnar. Nefndin fjallaði um aðalskipulagsbreytingar í Kópavogi vegna sama máls á 72. fundi.

Niðurstaða:

Fyrir liggur mat svæðisskipulagsnefndar að æskilegt sé að brú yfir Fossvog geti borið almenningssamgöngur. Í þeirri valkostagreiningu sem nú er unnið að í tengslum við val á legu Borgarlínu eru nokkrir valkostir sem munu nýta brú yfir Fossvog. Meginniðurstöður valkostagreiningar munu liggja fyrir í lok apríl. Mikilvægt er að horft verði til þeirra niðurstaðna við mótun skipulagstillögunnar.

3. Mosfellsbær, ósk um breytingu á svæðisskipulagi vegna nýs athafnasvæðis / málsnr. 1606002

Erindi Mosfellsbæjar þar sem óskað er eftir að gerðar verði breytingar á svæðisskiplaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 með færslu vaxtarmarka þannig að rými verði fyrir nýtt athafnasvæði í landi Sólheimakots. Nefndin fjallaði um málið á fyrri stigum á fundum nr. 67 og 68.

Erindinu fylgir rökstuðningur sveitarfélagsins studdur skýrslu VSÓ „Athafnasvæði á höfuðborgarsvæðinu, samanburður á stærstu svæðunum“. Þar kemur m.a. fram að takmarkað framboð sé að athafnasvæðum í nálægð við tengivirki sem boðið geta uppá stórar lóðir. Markmið Mosfellsbæjar er að bæta þar úr.

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar gerðu grein fyrir málinu.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd tekur undir með Mosfellsbæ að framboð að svæðum fyrir græna orkufreka starfsemi sé nokkuð takmarkað á höfuðborgarsvæðinu. Hluti af landi Sólheimakots getur fallið vel að slíkum áformum líkt og kemur fram í úttekt VSÓ. Umrætt svæði er í jaðri skilgreinds atvinnusvæðis við Hólmsheiði en utan vaxtarmarka. Á þessu stigi tekur svæðisskipulagsnefnd jákvætt í að Mosfellsbær hefji vinnu við breytingar á svæðisskiplagi sbr. 5. gr. starfsreglna nefndarinnar. Mikilvægt er að í skipulagsvinnunni sé dregið skýrt fram að ekki sé verið að breyta vaxtarmörkum meginbyggðar heldur verið að stækka atvinnusvæði rétt utan hennar. Skoða þarf sérstaklega áhrif skipulagsbreytinga á vatnsvernd og útivist. Svæðið er innan öryggissvæðis vatnsverndar og eðlilegt að áhættumat vegna breytinga verði unnið samhliða skipulagsvinnu. Einnig þarf að huga að áhrifum á þróun Græna trefilsins sem umliggja á byggðina. Öll breytingargögn á svæðisskiplaginu þarf að vinna í nánú samstarfi við skrifstofu SSH og svæðisskiplagsstjóra.

4. Reykjavík, breyting á aðalskiplagi Elliðaárdalur – hjólastígur / málsnr. 1702002

Tillaga á vinnslustigi, að breytingu á aðalskiplagi Reykjavíkur skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga lögð fram til umsagnar. Nefndin fjallaði um lýsingu á 74. fundi.

Niðurstaða:

Svæðisskiplagsnefnd telur breytinguna ekki gefa tilefni til athugasemda nefndarinnar.

5. Mosfellsbær, breyting á aðalskipulagi, Vatnsgeymir / málsnr. 1703006.

Lýsing aðalskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga lögð fram til umsagnar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytinguna ekki gefa tilefni til athugasemda nefndarinnar.

6. Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja, ósk um sameiginlegan fund nefndanna / málsnr. 1702004

Bréf formanns svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja þar sem óskað er eftir sameignlegum fundi með svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd fagnar frumkvæði svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja og felur svæðisskipulagsstjóra og formanni nefndarinnar að undirbúa slíkan fund í samvinnu við Suðurnesjamenn. Mikilvægt er að ræða sameignlega snertifleti landshlutanna s.s. samgöngur, lagnaleiðir og vatnsvernd.

7. Fyrirspurn Landsnets um stefnu svæðisskipulagsins um jarðstrengi / málsnr. 1703007

Landsnet vinnur að undirbúningi styrkingar raforkukerfisins milli höfuðborgarsvæðisins og Brennimeis í Hvalfirði. Að því tilefni óskar Landsnet eftir álitum svæðisskipulagsnefndar á því hvort 220 kV jarðstrengur, frá Geithálsi að norðanverðum Hvalfirði, falli að stefnu svæðisskipulagsins en ekki er gert ráð fyrir jarðstreng í aðalskipulagi þeirra sveitarfélaga sem hann mun mögulega liggja um.

Niðurstaða:

Frestað til næsta fundar.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 12. maí.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:20.